



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Feb 2008

2. tbl. 15. árg.

Meðal efnis:

Veiðileyfin

- Úthlutun og upplýsingar

Aðalfundurinn

- Myndir frá aðaflundi

Leynivopnið 2008

- Kynnið ykkur vel upplýsingar á bls: 2

Takið Eintak



Frá aðalfundi SVH: Myndin til hægri, Högni Bergþórsson hefur áður hampað Alexandersbikarnum. Hér tekur hann á móti bikarnum fyrir stærsta flugveidda fiskinn úr Hlíðarvatni 2007.

Myndin til vinstri, Vilborg Reynisdóttir gjaldkeri félagsins fer yfir ársreikninginn.

Við minnum á afgangi veiðileyfa á eftirtöldum dögum:

Við byrjum 10. og 11. mars frá 18:00 til 22:00 síðan 17. mars frá 20:00 til 22:00.

Eftir það fara öll ósótt veiðileyfi í sölu annað.

Ritstjórinn

AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórinn: Ævar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Sælir veiðimenn!

Ég ætla að hafa pistilinn í styttri kantinum í þetta skipti. Vill endilega minna félagsmenn á atriði sem ég hef oft bent á áður, það er efni til "ritstjórna". Verið er að hefja vinnu uppfærslu heimasíðu okkar og óskandi væri að fá aðeins meira efni frá ykkur.



Kveðja; Ævar

Leynivopnið 2008

Enn og aftur er hleypt af stokkunum fluguhnýtingarkeppninni **Leynivopnið**. Þetta er sjötta árið sem Veiðihornið og Landsamband Stangaveiðifélaga (LS) standa að keppninni.

Markmið keppinnar er að stuðla að auknum áhuga á fluguhnýtingum innan aðildarfélaga Landsambands Strangaveiðifélaga, og ekki síður að lokka leynivopnin uppúr boxum veiðimanna. Í þetta skiptið er keppninni ætlað að hvetja aðildarfélög LS til dáða og stuðla að auknu félagslífi í kring um keppnina.

Gert er ráð fyrir að hvert aðildarfélag LS haldi innanfélagskeppni þar sem keppt er í tveimur flokkum, fullorðinsflokki (frá 17 ára aldri, fæddir fyrir 1991) og barna- og unglingsflokki (börn og unglings fædd 1991 og síðar). Senda skal í innanfélagskeppnina 2 eintök af frumsamdri flugu og má senda bæði laxa og silungaflugur. Flugan má hafa haldbæra veiðireynslu en má ekki vera orðin þekkt veiðifluga. Ekki er verra að góðar veiðisögur tengdar flugunni fylgi með.

Hvert aðildarfélag velur síðan sín leynivopn í hverjum flokki til þátttöku í Leynivopninu 2008. Alls 12 flugur. Sex flugur í flokki fullorðina, 3 laxaflugur og 3 silungaflugur og sex flugur í flokki barna- og unglings, 3 laxaflugur og 3 silungaflugur.

Ljósmyndir verða teknar af flugunum og birtast þær á vef Veiðihornsins, (www.veidihornid.is).

Dómnefnd skipuð stjórn LS velur síðan Leynivopnið 2008 og verða úrslit kunngjörð og verðlaun afhent í Veiðihorninu, Hafnarstræti.

Úrslitin verða einnig kunngjörð á vef Veiðihornsins.

Verðlaun verða glæsileg að vanda.

Skilafrestur á flugum í keppnina Leynivopnið er 25. apríl nk, en þá þurfa félögin að hafa lokið sínu vali og skilað flugum til LS.

Formaðurinn

Sælir stórveiðimenn og aðrir ágætir félagar!

Þá er úthlutun veiðileyfa lokið og þið fáði sent með þessu blaði það sem þið sóttuð um eða eins nálægt því og hægt var að komast. Nú er það alltaf sama sagan að sótt er um fleiri stangir í Hlíðarvatni í maí og júní heldur en það sem í boði er og því erfitt að gera öllum til hæfis, en það er lögð gríðarmikil vinna í að gæta sem mest jafnræðis. Það er von mín að menn bregðist ekki illa við þótt eitthvað sé um tilfærslur og að a.m.k. flestir megi sæmilega vel við una.

Afar ánægulegt er að félagar hafa tekið nýjum veiðisvæðum fagnandi og er vel sótt í silunginn í Andakílsánni og eins í Eldvatnið, þar er líklega eitt holl laust ennþá á góðum bleikjutíma, engin ástæða til að láta það fara forgörðum. Eins er nokkuð af lausum dögum í Andakílsána og hvet ég menn til að kíkja á það sem laust er og liggur frammi þegar veiðileyfin eru sótt.

Djúpavatnið hefur aldrei verið eins mikið sótt um og er það engin furða, önnur eins fjölskylduparadís er vandfundin, en það er hugur stjórnar að gera þar endurbætur í vor, setja upp vöðlugeymslu og leiktæki fyrir þau yngstu, einnig þurfum við að gera ráðstafanir til að lækka yfirborð vatnsins nokkuð en nú er svo komið að rotpróin hefur ekki við vegna hárrar grunnvatnsstöðu, vona ég að félagar fjölmenni í vinnuferðina í vor, því eins og máltækið segir, margar hendur vinna létt verk.

Opin hús eru í fullum gangi og glaðbeittir hnýtarar mæta þar jafnan og eiga góða stund, ég hvet alla áhugamenn um veiði á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu til að koma og kíkja á okkur og þá viðburði sem í boði eru, hvort heldur sem þeir eru félagsbundnir eða ekki!

Hnýtingarkeppnin um efnilegustu silungafluguna er hafin og eins og sjá má annarsstaðar í blaðinu verða efstu flugurnar sendar áfram í landskeppni LS og Veiðihornsins og eru þar góðir vinningar í boði. Það er engin ástæða til að vera með einhverja hæversku heldur senda ótrauð inn þær flugur sem verða til á væsnum, þeir fiska sem róa...

Veiðikveðjur
Hans Ólason



Formaðurinn bregður sér í ýmis gerfi, hvað hann var að gera hér, best að spyrja hann sjálfan.

Uppskriftin

Tímafrekur silungur

(Þessi barst mér í pósti fyrir löngu)

750 gr bleikjuflök
mjólk
hveiti
sítrónupipar
olía til steikingar

Hreinisð flökin og þerrið.
Leggið í mjólk þannig að fljóti yfir, geymist í kæli í 8 - 12 tíma. Takið flökin og þerrið vel, veltið upp úr hveiti krydduðu með sítrónupipar. Steikið í olíu við vægan hita. Berist fram með kartöflum og salati.



FJARÐARKAUP
Verslun Veiðimannsins



AUKAKRÖNUR: ÞÆR KOMA BARA



Aukakrömur eru tilbúðar af Landsbankanum.
Væð þinn svissískur fjárfirni gegn viðskipti af 20.000 ISK.
og þágreiðum 4% á fjárfirni. Þú getur sýnt áskilninga á svissískum
fríðum 4% á 600 ISK fjárfirni. Þú getur sýnt áskilninga á svissískum
fríðum fjárfirni. Þú getur sýnt áskilninga á svissískum fríðum fjárfirni.



Landsbankinn

Frá félagsstarfinu



Myndir frá heimsókn Veiðihornsins. Að ofan, tæknin allsráðandi, Hjörleifur frá Veiðihorninu sat við hnýtingar sem var svo varpað upp á tjald þannig að menn gætu fylgst með hvar sem er í salnum. Ef myndin prentast vel, sést nokkuð vel hvernig þetta var á tjaldinu.



Myndirnar til hægri, Hjöllli að hnýta og svo hluti af þeim flugum sem hann hnýtti.

Þeir sem hafa áhuga á að fá sendar myndir af "leynivopnum" hans geta sent póst á webmaster@svh.is - fá þá eintak til baka (í lit).

Að neðan, frá unglिंगastarfinu.

Vinstri: "Leynivopn" hnýtt með gífurlegri einbeitingu.

Hægri: "Svona hýtum við haushnúttinn".



Aðalfundurinn

Frá aðalfundinum, til hægri efri: Magnúsi Ágústssyni þökkuð vel unnin störf við unglिंगastarf SVH. Til hægri neðri: Nils Ólafur Egilsson með "bröndubikarinn". Myndin fyrir neðan: Þessir tveir tóku því rólega fyrir aðalfundinn.



Frá Landsambandi stangaveiðifélaga!

Ráðstefna um afdrif stórlaxins á Íslandi og samanburður við nágrannalöndin.

Í lok mars, mun Landsamband Stangaveiðifélaga í samvinnu við Veiðimálastofnun gangast fyrir málþingi um þennan höfðingja sem sannarlega á undir högg að sækja, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, bornar verða saman niðurstöður rannsóknna hér og í löndunum í kringum okkur, velt fyrir sér ástæðu þessarar þróunar og hvað sé til ráða. Það væri sannarlega skarð fyrir skildi ef þessi skepna heyrði sögunni til.

Félagar eru hvattir til að fylgjast með auglýsingum þegar nær dregur og endanlegur staður og stund liggur fyrir, takið frá eina kvöldstund og mætum allir sem einn. Þetta verður án efa afar fróðlegt.

Hans Ólason,
fulltrúi SVH í stjórn LS

Bylting

í fluguveiðum



Með LOOP OPTI ZPEY, nýju flugustönginni, verður áreynslan minni og líkamsbeitingin mun betri sem leiðir af sér margfalt minna líkamlegt álag, einkum á handleggji, herðar og háls.

Nýtt átak, ný og einfaldari kastækni, þægilegra hald og mun sveigjanlegri stöng, en allt þetta ásamt draumakringumstæðum gerir stangveiðina engu líka.

Nýja LOOP OPTI ZPEY-flugustöngin er það sem koma skal

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16